

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
1	Austurbæjarskóli / Draumaland	Kór Austurbæjarskóla	Kristín Jóhannesdóttir	Markmið með kór Austurbæjarskóla er að virkja börn í félagslegum aðstæðum sem nýtast þeim á marga vegu og kemur inn á alla þætti menntastefnunnar. Unnið verður að því að öll börn öðlist sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri í gegnum verkefnið	720,000	Sam - Grunn, fri	2020 - 2021	0
2	Borg / Breiðholtsskóli / Bakkaborg / Bakkasel / Bakkinn /KVAN / HÍ /Þjónustm.Breiðholts	Það þarf þorp	Gyða Guðmundsdóttir	Að búa börn hverfisins undir virka þátttöku í fjölmeningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi. • Efla hæfni barna í jákvæðum og árangursríkum samskiptum, færni í samstarfi, að setja sig í spor annarra og sýni góðvild og virðingu. • Efla tilfinningarlæsi, réttlætiskennnd og leiðtogahæfni barnanna. • Að vinna með styrk- og veikleika barna, færni í ábyrgri ákvörðunartöku, • Að byggja upp sjálfsmynd barna, sjálfsaga og þrautseiglu.markmiðssetningu og að fylgja draumum sínum o.fl. sjá umsókn	8,000,000	Sam - Grunn, leik, fri	2019 - 2024	0
3	Breiðholtsskóli / Fellaskóli / Hólabrekkuskóli	Allir brosa á sama tungumáli	Daði Guðjónsson	Þróunarverkefni byggir gagnreyndum kennsluaðferðum sem vitað er að hafa skilað árangri. Verkefnið er tengt við Barnasáttmálann og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þá sérstaklega 4. markmið sem snýr að tryggja góða menntun fyrir alla og 3. markmið sem snýr að heilsu og vellíðan. - <i>heilbrigði</i>	3,000,000	Grunn	2020 - 2022	0
4	Dalskóli / Geislabaugur / Ingunnarskóli / Maríuborg / Reynisholt / Sæmundarskóli	Orð eru til alls fyrst	Hildur Jóhannesdóttir	Eitt megin markmið verkefnisins <i>Orð eru til alls fyrst</i> er að styrkja og auka samstarf skóla í Grafarholti og Úlfarsárdal með það að leiðarljósi að jafna hæfni og stöðu barna í íslensku.	5,610,000	Sam - Grunn, leik	2020 - 2022	4,500,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
5	Fab Lab Reykjavík, þjónustumiðstöð Breiðholts / Fellaskóli / Seljaskóli / Hólabrekkusk. / MHÍ / FB / Mixtúra / RG Menntaráðgj. / Vísindasm. HÍ	Skapandi námssamfélag í Breiðholti	Þóra Óskarsdóttir	Megin markmiðið er sköpunargleði grunnskólanemenda: að sem flestir fái tækifæri til að nýta hugvit sitt og öðlast verkfærni í gegnum það að koma hugmynd í framkvæmd. Þannig má segja að verkefnið feli í sér valdeflingu nemenda og kennara sem lýsir sér í sjálfsefningu, læsi, félagsfærni og sköpun – mikilvægum grunnstoðum nýrrar menntastefnu borgarinnar.	8,000,000	Grunn	2019 - 2021	6,000,000
6	Fellaskóli / Hólabrekkusk. /MHÍ / Stelpur Rokka	Stelpur rokka í Breiðholti	Helgi Gíslason	Verkefnið er í grunninn jafnréttis og lýðræðisverkefni. Markmiðið er að nemendur kynnist tónlistarsköpun og hljómsveitasamspili, spegli sig í femínískum fyrirmyndum og að þeir virkji þeirra eigin mátt til breytinga. Verkefnið tekur sérstaklega til þriggja af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Þessir grunnþættir eru lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Eða eins og segir í aðalnámskrá grunnskólanna leggur verkefnið áherslu á <i>getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.</i>	4,040,000	Grunn	2020 - 2021	0
7	Fossvogsskóli / Vesturbæjarskóli / Dalskóli / Kelduskóli / HÍ	Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga	Ingibjörg Ýr Pálmadóttir	Helstu markmið verkefnisins eru að skapa kennurum tækifæri til að efla eigin starfsþróun með þátttöku í lærdómssamfélagi þar sem fagmennska og samstarf verða í öndvegi. Í verkefninu eru þróaðar leiðir til að vinna með upplýsingatækni og opin verkefni sem ýta undir sköpun og skoðun á umhverfinu. Áhersla er lögð á samvinnu og samræður milli nemenda annars vegar og nemenda og kennara hins vegar með það að markmiði að kennarar geti stutt við sjálfsefningu nemenda og félagsfærni þeirra þar sem nemendur verða virkir þátttakendur í eigin námi. Áhersla verður lögð á að mæta öllum nemendum hvar sem þeir eru staddir, óháð þjóðerni, kyni og félagslegri stöðu.	8,000,000	Grunn	2020 - 2021	5,000,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
8	Gufunesbær	Frístundafræðingur á miðstigi	Gunnar Hrafn Arnarsson	Efla félagsfærni, félagstengsl, sjálfsmynd og virka þátttöku barna í Borga- og Engjaskóla. • Greina félagsleg tengsl og meta þau fyrir og eftir sameiningu árganganna þegar þeir eru komnir í Víkurskóla. Meta hvaða áhrif það hefur á nemendur að takast á við breytingar í skóla- og frístundaumhverfinu. Verkefnið er símat og því verður stöðugt leitað leiða til að meta stöðu hópsins jafnóðum, þannig að starfið geti betur mætt þeim áskorunum sem uppi eru hverju sinni. • Efla starfs- og samstarfsnet þeirra fagaðila sem vinna með börn á miðstigi og búa til heildstæðan og faglegan grunn þar sem unnið er með einstaklinga og hópa bæði á skólatíma og í frítíma en einnig á milli skólastiga. • Yfirfæra það starf og reynslu sem komin er af stöðu frístundafræðinga á frístundaheimilum á starf félagsmiðstöðva með börnum á miðstigi.	5,548,800	Sam - Frí - Grunn	2020 - 2022	4,000,000
9	Hagaskóli / Langholtsskóli / Réttarholtsskóli /MHÍ	Teymiskennsla á unglingastigi	Ómar Örn Magnússon	Teymiskennsla og teymisvinna kennara hefur verið mikið rannsökuð og um hana fjallað af fræðimönnum. Goetz (2000) fjallar um kosti teymiskennslu og segir að þar sem kennarinn er ekki einn með nemendur er ábyrgðin dreifðari og að þeir geti leitað til fleiri kennara sem er mikill kostur. Þátttakendur í teyminu geta þróað saman nýjar aðferðir í kennslu og unnið þannig gegn fræðilegri einangrun á markvissan hátt í átt að fagmennsku og starfsþróun. Einnig bendir Goetz á lausnir í teymiskennslu gegn agavandamálum og hvernig kennarar í teymum nálgast námsefnið á fjölbreyttari hátt. O.fl.	2,520,000	Grunn	2018 - 2021	0

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
10	Hlíðaskóli / Eldflaugin	Fjölnota tækniver	Kristrún G. Guðmundsdóttir	Eins og segir í menntastefnu Reykjavíkurborgar er hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglinga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Það er okkar markmið að útbúa tækniverið þannig að öll börn skólans geti fundið þar eitthvað við hæfi sem styður við tæknilæsi þeirra, hvort sem um ræðir að vinna með tæknilegu, myndvinnslu, forritun eða annars konar tæknimenntun. Mikilvægt er að tryggja að aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf.	4,000,000	Sam - Grunn, frí	2020 og til framtíðar	0
11	Hlíðaskóli / Eldflaugin / Hjallastefnan / Suðurhlíðask. / Gleðibankinn / Tjarnaskóli / Landakotsskóli / Melaskóli / Þjónustum. Vesturbæj. Miðb. Hlíða	PEERS - framhald	Aðalheiður Bragadóttir	<i>Skólafélagsfærni PEERS</i> er raunprófuð aðferð sem sýnt hefur verið fram á að geti aukið félagsfærni en auk þess haft áhrif á hegðun í þá veru að dregið getur úr skapofsa, depurð og kvíða (Schohl, 2016). Hér er um að ræða snemmtæka íhlutun ætlaða til að styrkja börn í samskiptum. Verkefnið tengist því einkum tveimur grundvallarþáttum menntastefnunnar; félagsfærni og sjálfseflingu. Að innleiða verkefni eins og þetta styður við geðheilbrigði barna og spornar við stigvaxandi kvíða og félagsfærni sem hafa neikvæð áhrif á þátttöku barna í daglegu lífi.	5,600,000	Sam - Grunn, frí	2020 - 2021	0

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
12	Húsaskóli / Foldaskóli / Engjaskóli / Hamraskóli / Rimaskóli / Klébergsskóli / Borgaskóli / Víkurskóli / HÍ Íslenskuþorpið	Vertu velkomin/nn í hverfið okkar - Viltu tala ísl. við mig ?	Katrín Cýrusdóttir	Meginmarkmið verkefnisins er að gera nemandann að virkum þátttakanda í skólastarfinu og skólasamfélaginu með því; að innleiða og kenna nýjar kennsluaðferðir í íslensku sem öðru máli -að skapa aðstæður fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað mál til að nota málið í skólastarfinu og við daglegar athafnir - að kenna með markvissum hætti orðaforða og hugtök skólasamfélagsins - að innleiða fjölmenningslega kennsluhætti - að gera nemendur tæknivædda og nýta hugbúnað / forrit til náms og miðlunar o.fl. sjá umskóknarbl.	8,000,000	Grunn	maí - júní 2020	6,500,000
13	Hvassaleitisskóli /Austurbæjarskóli / Réttó / Mixtúra / HÍ / RIFF	Stelpur filma	Hanna Guðbjörg Birgisdóttir	Markmið verkefnisins er að víkka út sýn ungra kvenna á kvikmyndamiðilinn, kenna þeim undirstöðuatriði kvikmyndagerðar og kynna þær fyrir kvenkyns fyrirmyndum. Okkar von er að með námskeiðum sem þessum verði til þekkingarsuðupottur sem mun halda áfram að krauma til framtíðar. Auk þess er ætlunin að þeir grunnskólakennarar sem fylgja hópnum læri meira um miðilinn og geti miðlað til annarra ef áhugi er fyrir hendi.	5,200,000	Grunn		0
14	Ingunnarskóli /Selásskóli /Vesturbæjarskóli / Menntavísindasvið	Austur - Vestur sköpunar og tæknismiðjur	Þorgerður Hlöðversdóttir	Þróunarverkefnið snýst um tækni- og sköpunarsmiðjur (e. makerspaces) og innleiðingu þeirra í starf grunnskólanna þriggja. Verkefnið byggir á þátttöku allra kennara við skólana þrjá og er auk þess stutt af rannsóknarteymi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Teymið hefur fylgst náið með þróunarstarfinu frá byrjun og mun fylgja þeim athugunum eftir með frekari rannsóknum eftir því sem verkefninu vindur fram.	12,300,000	Grunn	2019 - 2021	5,000,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
15	Kléberg / leikskóli, grunnskóli, frístund, félagsmiðst., tónlistarskóli	Tónlistarsköpun í öllu starfi á Klébergi	Sigrún Anna Ólafsdóttir	Markmið verkefnisins er að koma tónlist og tónsköpun inn í allt skólastarf á Klébergi, ekki bara tímabundið heldur til frambúðar. Með þessu er ekki vísað í hefðbundin söng í leikskólanum, tónmennt í grunnskólanum eða hljóðfærakennslu í tónlistarskólanum, heldur víðara svið tónsköpunar með söng, hljóðfæri, tölvuforrit og hugmyndaflugið að vopni.	8,000,000	Sam - Grunn, leik, fri	2020 - 2023	0
16	Reynisholt / Stakkaborg / Tjörn /Ægisborg/ RannUng	Leikur - styðjandi samskipti og lærdómssamfélag	Aðalheiður Stefánsdóttir	Markmiðið er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem litið á börn og fullorðna sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.	8,000,000	Leik	2018 - 2022	7,000,000
17	Skóla- og frístundaeild Breiðholts (Miðberg og grunnskólar)	Betra Breiðholt fyrir unglunga	Helgi Eiríksson	Helstu markmið verkefnisins eru að mæta flóknum og margþættum vanda unglunga á skjótan, skilvirkan og faglegan hátt með markvissri þverfaglegri þjónustu stofnana í Breiðholti. Lögð er áhersla á að efla faglegt samstarf þeirra stofnana hverfisins sem veita unglingum þjónustu og stuðning. Verkefninu er bæði ætlað að byggja upp úrræði þar sem vanda einstaklinga og hópa er mætt og nýta þau úrræði sem nú eru til staðar í hverfinu með einstaklingsbundinn stuðning að leiðarljósi	7,500,000	Sam - Grunn, fri	2020 - 2022	4,000,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
18	Skólahljómsveit Austurbæjar og Sinfó	Dýravinir (vinnuheiti)	Sandra Rún Jónsdóttir	Verkefninu var hrundið af stað af Vilborgu Jónsdóttur, stjórnanda Skólahljómsveitar Austurbæjar í áráraðir, og var ákveðið eftir andlát hennar í nóvember 2019 að halda verkefninu áfram og tileinka henni tónleikana þar sem þetta verkefni er alfarið komið frá henni. Um var að ræða samstarfsverkefni skólahljómsveitarinnar, Laugarnesskóla sem er heimastöð skólahljómsveitarinnar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tónskáldsins og útsetjarans Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar. Markmið verkefnisins er að nemendur hljómsveitarinnar kynnist starfsháttum og starfsumhverfi atvinnu hljóðfæraleikara. Með þessu verkefni fá þau tækifæri til þess að spila sem hluti af Sinfóníuhljómsveit Íslands og með því mun sjálfstraust og félagsfærni þeirra eflast. Þau kynnast verkferlum, æfingaferli og að spila nýja tónlist sem hefur ekki verið flutt áður. ☒	4,400,000	Frí	2019 - 2021	0
19	Tjörnin / HÍ Ranntóm / Samtökin 78 / Ársel / Gufunesbær / Kringlumýri / Miðberg og allar félagsmiðst.	Öll sem eitt !	Hrefna Þórarinsdóttir	Helsta markmið verkefnisins er að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og unglunga með bregðast við þeim auknu þörfum á þjónustu við hinsegin börn og unglunga sem við stöndum frammi fyrir í skólum og félagsmiðstöðvum.	5,600,000	Frí	2020 - 2021	4,000,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
20	Tjörnin / Miðja máls og læsis / Frosti / 105 / 100&1 / Gleðibankinn / Menntamálastofnun	Drekar og draumar - er læsi leikur	Guðrún Kaldal	Að auka orðaforða og íslenskukunnáttu barna og unglunga aldinum 10-16 ára í félagsmiðstöðvunum Frosta í Vesturbæ, 100og1 í Miðborg, 105 og Gleðibankans í Hlíðum í gegnum leik og sköpun. Tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn til starfsmanna og leggja inn fræðilegan grunn þannig að læsi og sköpun aukist og verði hluti af áherslupáttum í óformlegri menntun. Innleiða frístundalæsi á markvissan hátt og nota meðal annars til þess handbókina Frístundalæsi fyrir frístundaheimili http://fristundalaesi.reykjavik.is/ og uppfæra fyrir félagsmiðstöðvar.	4,800,000	Frí	2020 - 2021	0
21	Tjörnin /100&1 / Austurbæjarskóli / MHÍ	Draumasviðið - Tækifæri sköpunar... aftur !	Eva Halldóra Guðmundsdóttir	Markmiðið með verkefninu er að styrkja félagsfærni og efla jákvæð samskipti meðal unglunga í Austurbæjarskóla í gegnum listsköpun. Í áfanganum Draumasviðið myndu nemendur í 8.-10.bekk lesa saman, greina og setja upp útfærslu af verkinu Almost Maine eftir John Cariani. Unglingarnir myndu í gegnum vinnu sína staðfæra verkið og aðlaga að sínum samtíma og veruleika. Verkið er samsett úr 9 sögum sem allar hafa upphaf, miðju og endi. Allar sögurnar eiga það sameiginlegt að fjalla á einhvern hátt um ástina. Ást getur verið margskonar og unglingar upplifa margar og flóknar tilfinningar í ástarsamböndum sem mikilvægt er að skoða í gegnum listsköpun. Með því að nota þetta verk sem stökkpall og ramma fyrir sköpunarferlið gæti það búið til rými og frelsi fyrir unglungana til að endurspegla ástina og sambönd þeirra á sviði.	4,000,000	Sam - Grunn, fri	2020 - 2021	0
22	Tjörnin /HÍ / MHÍ /Núvitundarsetrið / félagsmiðstöðvar / frístundaheimili	VAXANDI	Guðrún Kaldal	Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og náí árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.	4,595,000	Frí	2020 - 2021	4,000,000

Umsóknir í B - hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð 2020

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Upphaf og áætluð lok	Sam. tillaga
23	Vogaskóli / Vogasel / Brákaborg o.fl.	First LEGO - forritun í skólustarfi - lært í gegnum leik	Snædís Valsdóttir	Helstu markmið verkefnisins eru að skapa kennurum tækifæri til að efla eigin starfsþróun með þátttöku í lærdómssamfélagi þar sem fagmennska og samstarf verða í öndvegi. Í verkefninu eru þróaðar leiðir til að vinna með upplýsingatækni og opin verkefni sem ýta undir sköpun og skoðun á umhverfinu. Áhersla er lögð á samvinnu og samræður milli nemenda annars vegar og nemenda og kennara hins vegar með það að markmiði að kennarar geti stutt við sjálfseflingu nemenda og félagsfærni þeirra þar sem nemendur verða virkir þátttakendur í eigin námi. Áhersla verður lögð á að mæta öllum nemendum hvar sem þeir eru staddir, óháð þjóðerni, kyni og félagslegri stöðu.	8,000,000	Sam - Grunn, leik, fri	2020 - 2021	0
24	Þjónustumiðstöð Breiðholts / Miðberg / ÍR /Foreldrafélög grunnskóla í Breiðholti / O.M.A.H.A.I Foundation / Ghana Association /Miðja máls og læsis	Menningarmiðlun í Breiðholti	Achola Otieno	Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að virkja tengiliði innan mismunandi menningarhópa með því sjónarmiði að ná til foreldra og auka þátttöku barna af erlendum uppruna í frístunda- og íþróttastarfi. Þetta eykur tengslanet þeirra þvert á menningarheima og hópa, sem nýtist til að koma á framfæri gæðum á borð við frístundakort og öðrum þeim möguleikum sem foreldrar geta nýtt til handa börnum sínum, s.s. heimanámsaðstoð, þátttöku í skapandi starfi ofl.	4,100,000	Sam - Grunn, fri		0
					139,533,800			50,000,000